

Nýr Landspítali ohf.

Ársreikningur 2019

Nýr Landspítali ohf.
Skúlagötu 21
101 Reykjavík
kt. 500810-0410

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting ársreiknings.....	3
Áritun ríkisendurskoðanda	4
Áritun endurskoðenda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Nýs Landspítala ohf. árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi, auk skýringa.

Á árinu 2019 beindist starfsemi félagsins að tíu framkvæmdaþáttum, þ.e. heildarverkefni, deiliskipulagi, meðferðakjarna, þyrlupalli, sjúkrahótel, framkvæmdum við götur, veitur og líð, rannsóknarhúsi, bílastæðahúsi, tengigangi og brúm og öðrum framkvæmdaverkum.

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir 2.606,8 m.kr., skuldir 2.586,8 m.kr. og eigið fé 20,0 m.kr.

Hlutafé félagsins er 20,0 m.kr og er allt í eigu ríkissjóðs.

Stjórn Nýs Landspítala ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 3/6 2020

Dagny Brynjólfssdóttir

Erling Ásgeirsson,
stjórnarformaður



Sigurður H. Helgason



Gunnar Svavarsson,
framkvæmdastjóri

Áritun ríkisendurskoðanda

Til stjórnar Nýs Landspítala ohf.


Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana.

Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna. Ríkisendurskoðandi ber húsbónaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Kannað var hvort rekstur félagsins var í samræmi við þau lög sem um félagið gilda og eftir atvikum fjárlög og fjáraukalög, sbr. meginreglur laga nr. 46/2016 og lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Ríkisendurskoðun, 3. júní 2020


Skúli Eggert Þórðarson
ríkisendurskoðandi

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Nýs Landspítala ohf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Nýs Landspítala fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af fjárhagsstöðu Nýs Landspítala ohf. 31. desember 2019, afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2019 í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda í árituninni. Við erum óháð Nýjum Landspítala ohf. og í samræmi við settar síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Nýs Landspítala hf. og setja inn skýringu ef þess er þörf.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningum. Nægjanleg vissa er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda frh.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeiri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá reglum innra eftirlits.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 3/6 2020



Óskar Sverrisson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2019

	Skýr.	2019	2018
Tekjur			
Endurgreiddur kostnaður.....	429.802	3.447	
Rekstrartekjur	<hr/> 429.802	<hr/> 3.447	
Gjöld			
Heildarverkefnið.....	9	344.003	191.219
Deiliskipulag.....		262	2.342
Meðferðarkjarni.....		962.128	724.327
Þyrlupallur.....		5.932	7.922
Sjúkrahótel.....		235.857	637.531
Götur, veitur og lóð.....		2.563.710	881.607
Rannsóknarhús.....		29.773	4.637
Bílastæðahús.....		1.997	2.607
Tengigangur og brýr.....		23.098	22.329
Önnur framkvæmdaverk.....		143.897	24.323
Fjármagnsliðir.....		<hr/> (25.473)	<hr/> (36.722)
Rekstrargjöld		4.285.185	2.462.122
Niðurstaða ársins.....		<hr/> 3.855.383	<hr/> 2.458.675
Flutt á viðskiptareikning ríkissjóðs.....		<hr/> (3.855.383)	<hr/> (2.458.675)
		<hr/> 0	<hr/> 0

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
Eignir			
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....	430.386	3.448	
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	18.832	3.292	
Viðskiptareikningur Munck Íslandi ehf.....	8 21.505	50.267	
Krafa vegna skatta.....	54.717	52.310	
Handbært fé.....	2.081.354	1.449.255	
	<u>Veltufjármunir</u>	<u>2.606.793</u>	<u>1.558.572</u>
Eignir alls	<u>2.606.793</u>	<u>1.558.572</u>	
Eigið fé			
Hlutafé	20.000	20.000	
	<u>Eigið fé</u>	<u>6 20.000</u>	<u>20.000</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptareikningur við ríkissjóð.....	7 2.314.649	1.305.874	
Ógreiddur kostnaður og opinber gjöld	272.144	232.698	
	<u>Skammtímaskuldir</u>	<u>2.586.793</u>	<u>1.538.572</u>
Skuldir alls	<u>2.586.793</u>	<u>1.538.572</u>	
Eigið fé og skuldir alls	<u>2.606.793</u>	<u>1.558.572</u>	

Sjóðstreymi árið 2019

	2019	2018
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður ársins	0	0
Skammtímakröfur, (hækkun)	(416.122)	(62.114)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....	<u>1.048.221</u>	<u>391.693</u>
Handbært fé frá rekstri	632.099	329.579
Hækkun á handbæru fé.....	632.099	329.579
Handbært fé í ársbyrjun	<u>1.449.255</u>	<u>1.119.676</u>
Handbært fé í árslok	2.081.354	1.449.255

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Nýs Landspítala ohf. byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

2. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á kostnaðarverði.

3. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

4. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast óbundnar innstæður á bankareikningum.

5. Undirbúningskostnaður

Undirbúningskostnaður greinist þannig:

2019

2018

Kostnaðarverð

Framkvæmdir á árinu.....	3.855.383	2.458.675
Flutt á viðskiptareikning ríkissjóðs	<u>(3.855.383)</u>	<u>(2.458.675)</u>
	<u>0</u>	<u>0</u>

6. Eigið fé

Fluttabé.....	20.000	20.000
---------------	--------	--------

7. Viðskiptareikningur ríkissjóðs

Staða við ríkissjóð í ársbyrjun.....	1.305.874	973.549
Fært af 08-376.....	4.864.158	2.791.000
	6.170.032	3.764.549
Flutt af undirbúningskostnaði.....	<u>(3.855.383)</u>	<u>(2.458.675)</u>
Staða við ríkissjóð í árslok	<u>2.314.649</u>	<u>1.305.874</u>

8. Viðskiptareikningur Munck Íslandi ehf.

Ágreiningur varð á milli verkkaupa (NLSH) og verksala (MUNCK) vegna framkvæmda við sjúkrahótel, sem lauk með verkskilum 30.11.2018 og samkomulagi um að leggja ágreining fyrir gerðardóm. Gerðardómur starfaði allt árið 2019 en lauk ekki málum eins og stefnt var að, frestaði málsmeðferð til ársins 2020. Samkomulag náðist um uppgjör smærri liða en NLSH hefur einnig greitt 3,5 mkr. sbr. stöðu viðskiptareiknings sem innborgum á aukaverk. Gerðardómur býst við að niðurstaða fáist á árinu 2020.

Skýringar

9. Heildarverkefnið

Heildarverkefnið er vegna launa og framkvæmdakostnaðar sem tilheyra ekki einstökum verkbáttum við framkvæmdina. Heildarlaunakostnaður nam 171,9 m.kr. en fjöldi ársverka var 9,5 og fjölgarði þeim um 2,8 frá árinu áður. Laun framkvæmdastjóra námu 21,7 m.kr. Laun þriggja stjórnamanna námu samtals 6,6 m.kr. Áunnin orlofsskuldbinding vegna starfsmanna í árslok hefur verið reiknuð og færð til gjalda og skuldar í efnahagsreikningi.

	2019	2018
Laun.....	128.546	88.866
Launatengd gjöld.....	31.369	21.485
Áunnið orlof, breyting.....	12.012	0
Annar framkvæmdakostnaður við heildarverkefnið.....	<u>172.076</u>	<u>80.868</u>
	<u>344.003</u>	<u>191.219</u>